




Við Langeyrarveg



Mynd af Google maps

FYRIRVARI. Skilmálablað lesist með deiliskipulagi, skipulagsskilmálum og skilmálatöflum. Um framkvæmdir gilda skipulags- og byggingarlög og -reglugerðir og lög um menningarminjar. Engin leyfi verða veitt nema að undangengnu umsóknarferli til byggingaryfirvalda í Hafnarfirði í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

REIKNIREGLA BYGGINGARMAGNS

Þar sem byggingarreitur er rúmur og nýting er takmörkuð með prósentutákn á uppdrætti og með fermetratölu í skilmálatöflu skal byggingarmagn reiknað eins og í eftirfarandi dæmi. Á lóð þar sem hús má vera kjallari, hæð og ris er byggingarreitur 300m² að stærð með 50% nýtingarhámarki en í skilmálatöflu stendur hámarks- byggingarmagn 220m². Hver hæð hússins getur ekki verið stærri en 150m². Ef jarðhæð er 150m², getur efri hæð verið 70m² og þá er ekki svigrúm fyrir kjallara.



MYNDIR OG FYRIRMYNDIR Nýtt og gamalt við Laugarásveg



Nýbygging Nýlendugötu - Arkþing Nordic



Fyrirhuguð uppbygging á Dvergsreit - Krads / Trípólí

Almennt

Við neðanverðan Langeyrarveg er land sem nýta má til húsbygginga með því að endurskipuleggja legu gangstíga og neðsta hluta Langeyrarvegjar. Gerð er tillaga að nýrri lóð við Langeyrarveg 22 og þjónustulóð við Langeyrarveg 17H. Breytingar miða að því að gera götumynd heilsteypari og skipulagsskilmálar taka mið af næstu húsum.




Langeyrarvegur 17H

Opið grænt svæði á þjónustulóð. Heimilt að reisa spennistöð allt að 12m² að stærð. Dæmi um mögulega staðsetningu er sýnt á útlismynd.

Langeyrarvegur 9-15

Gerð er tillaga að nýjum lóðarmörkum. Um lóðarbreytingar gildir að lóðarhafi og Hafnarfjarðarbær gera með sér samkomulag.

Á þeim lóðum sem táknið um viðbyggingarheimild er að finna er heimilt að byggja við hús grunnflöt sem samræmist tölu í táknuinu. Ef landhalli á lóð er mikill er mögulegt að viðbygging geti verið hæð og kjallari. Ef viðbygging á að standa nær lóðarmörkum en 3m þarf samþykki aðliggjandi lóðarhafa.



SKILMÁLABLAÐ SK-060
LANGEYRARVEGUR 9-17

- Mörk deiliskipulags
- Mörk verndarsvæðis í byggð
- Núverandi bygging
- 55% Byggingarreitur / hámarks nýting
- Dæmi um mögulega byggingu
- Niðurrifsh. F Flutningsheimild
- H Hækkun húss heimil
- 35 Viðbyggingarheimild
- 2K Fjöldi hæða
- Mænisstefna
- Ný lóð - lóðarstækkun
- Lóðarmörk úr gildi
- Gangstétt
- Vistgata
- Upphækkun / hellulögn
- Torg
- Gata
- P Bíla- (hleðslu)stæði - leiðbeinandi
- ♿ Bílastæði hreyfihamlaðra
- P-1 Hámarksfjöldi bílastæða á lóð
- Opið svæði / hraun
- Trjágroður - leiðbeinandi
- Leiksvæði
- Spennistöð núv. / heimil